



Afkoma annars ársfjórðungs 2023

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu annars ársfjórðungs 2023 (2F23)

- Hagnaður af rekstri Íslandsbanka nam 6,1 milljarði króna á öðrum ársfjórðungi (2F22: 5,9 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 11,5% á ársgrundvelli (2F22: 11,7%). Þetta er í samræmi við uppfærða afkomuspá bankans fyrir árið 2023, sem gerir ráð fyrir að arðsemin verði á bilinu 10,7–11,7% og hærri en fjárhagslegt markmið bankans um að arðsemi eigin fjár sé yfir 10%.
- Hreinar vaxtatekjur jukust um 23,0% á milli ára og námu 12,6 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 10,3 milljarða króna á 2F22.
- Vaxtamunur var 3,2% á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 2,9% á sama ársfjórðungi ársins 2022.
- Hreinar þóknatekjur jukust um 4,6% á milli ára og námu samtals 3,6 milljörðum króna á fjórðungnum, samanborið við 3,4 milljarða króna á sama ársfjórðungi ársins 2022.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 559 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi, samanborið við fjármunatekjur að fjárhæð 208 milljónir króna á 2F22.
- Stjórnunarkostnaður nam 6,7 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi, ef frá er talin gjaldfærsla vegna stjórnvaldssektar sem nam 860 milljónum króna, samanborið við 6,0 milljarða króna stjórnunarkostnað á 2F22, sem er hækkun milli ára, eða sem nemur 11,7%.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 42,6% á öðrum ársfjórðungi og lækkar úr 42,7% á 2F22. Kostnaðarhlutfallið er innan afkomuspár bankans um kostnaðarhlutfall á bilinu 40–45% og undir fjárhagslegu markmiði bankans um að kostnaðarhlutfall sé lægra en 45%. Hlutfallið er reiknað án bankaskatts og einskiptiskostnaðar, þ.m.t. 860 milljónum króna sem voru gjaldfærðar vegna stjórnvaldssektar.
- Jákvæð virðisrýrnun nam 1.245 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi, og má helst rekja til þess að virðisrýrnun nokkurra lánamála var færð til baka vegna góðra horfa í ferðamannþjónustu, en var jákvæð um 575 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2022. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var -0,40 prósentustig á ársgrundvelli á öðrum ársfjórðungi samanborið við -0,20 prósentustig á sama ársfjórðungi fyrir ári.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 18,8 milljarða króna á fjórðungnum, eða um 1,5% og voru 1.238 milljarðar króna í lok annars ársfjórðungs 2023.
- Aukning á innlánum frá viðskiptavinum á öðrum ársfjórðungi nam 16,6 milljörðum króna eða um 2,1%. Innlán voru 817 milljarðar króna í lok fjórðungsins.
- Eigið fé bankans nam 215,5 milljörðum króna í lok ársfjórðungsins, samanborið við 218,9 milljarða króna í lok árs 2022.
- Eiginfjárhlutfall bankans var 23,2% í lok annars ársfjórðungs, samanborið við 22,2% í árslok 2022. Samsvarandi eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 20,0%, samanborið við 18,8% í árslok 2022, sem er 480 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila, og hærra en fjárhagslegt markmið bankans um að vera með 100–300 punkta eiginfjár svigrúm umfram kröfum eftirlitsaðila.

Helstu atriðin í afkomu á fyrri helmingi ársins 2023 (1H23)

- Hagnaður af rekstri bankans á fyrri helmingi ársins 2023 nam 12,4 milljörðum króna (1H22: 11,1 milljarður króna), og arðsemi eigin fjár var 11,4% á ársgrundvelli, samanborið við 10,9% á fyrri helmingi árs 2022.
- Hreinar vaxtatekjur á fyrri helmingi ársins námu 25 milljörðum króna, sem er aukning um 28,6% milli ára.
- Hreinar þóknatekjur jukust um 8,7% milli ára, og námu 7,1 milljarði króna á fyrri helmingi ársins, samanborið við 6,5 milljarða króna á fyrri helming síðasta árs.

- Hrein fjármagnsgjöld voru 21 milljón króna á fyrri helmingi ársins 2023, samanborið við fjármunatekjur að fjárhæð 113 milljónir króna á sama helmingi í fyrra.
- Stjórnunarkostnaður var 13,7 milljarðar króna fyrstu sex mánuði ársins, ef frá er talin 860 milljón króna stjórnvaldssekt sem gjaldfærð var á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 11,8 milljarða króna stjórnunarkostnaður á fyrri hluta árs 2022.
- Kostnaðarhlutfall bankans lækkaði úr 45% á fyrri hluta árs 2022 niður í 42,3% á fyrri hluta ársins 2023.
- Jákvæð virðisrýrningun á fjáreignum var jákvæð um 570 milljónir króna á fyrri helmingi árs, og var jákvæð um 1.058 milljónir króna fyrir sama tímabil árið áður.

Lykiltölur

		2F23	1F23	4F22	3F22	2F22
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	6.139	6.211	5.982	7.486	5.880
	Arðsemi eigin fjár	11,5%	11,4%	11,1%	14,4%	11,7%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	3,2%	3,2%	3,1%	3,0%	2,9%
	Kostnaðarhlutfall ^{1,2}	42,6%	42,1%	40,6%	36,3%	42,7%
	Áhættukostnaður útlána ³	(0,40%)	0,22%	0,22%	(0,40%)	(0,20%)
		30.6.23	31.3.23	31.12.22	30.9.22	30.6.22
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.237.758	1.218.999	1.186.639	1.153.047	1.153.677
	Eignir samtals, m.kr.	1.593.239	1.551.530	1.566.235	1.548.672	1.437.253
	Áhættuvegnað eignir, m.kr.	1.015.197	1.004.978	999.491	1.012.986	992.883
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	816.641	800.071	789.897	781.614	756.862
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	152%	152%	150%	148%	152%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ⁴	1,7%	1,7%	1,8%	1,7%	1,8%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	119%	115%	118%	127%	118%
	Lausafjárlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	259%	171%	205%	371%	147%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	215.524	210.385	218.874	211.613	203.662
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar ^{1,5}	20,0%	19,9%	18,8%	18,2%	18,2%
	Eiginfjárlutfall þáttar ^{1,5}	20,9%	20,8%	19,8%	19,2%	19,2%
	Eiginfjárlutfall ⁵	23,2%	23,2%	22,2%	21,4%	21,5%
	Vogunarlutfall ⁵	12,8%	12,9%	12,1%	11,9%	12,5%

1. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta – einskisliðir) / (heildarrekstrartekjur – einskisliðir).

2. Kostnaðarhlutfall í 4F22 innihélt gjaldfærslu vegna stjórnvaldssektar að fjárhæð 300 m.kr. (einskisliðir). Hlutfallið hefur nú verið uppfært.

3. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýrnunarsjóði.

4. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

5. Að meðtöldum 1F23 hagnaði fyrir 31.3.23 og 3F22 hagnaði fyrir 30.9.22.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka

Það voru stórar áskoranir sem bankinn tókst á við á öðrum ársfjórðungi. Samkomulag sem bankinn gerði við Seðlabanka Íslands um að ljúka máli vegna sölu á 22,5% eignarhlut ríkisins í mars 2022 með sátt og greiðslu sektar að fjárhæð 1.160 milljónir króna var án efa sú stærsta. Við hörmum þá ágalla sem voru á framkvæmd bankans vegna útboðsins og biðjumst afsökunar á þeim. Mikil vinna hefur staðið yfir til að mæta úrbótarkröfum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og mun sú vinna halda áfram næstu misserin.

Rekstur bankans gekk vel á fjórðungnum og hagnaður annars ársfjórðungs eftir skatta nam 6,1 milljarði króna og arðsemi eigin fjár var 11,5% á ársgrundvelli, sem er yfir fjárhagslegum markmiðum bankans. Hagnaður bankans á fyrri helmingi ársins nam 12,4 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár var 11,4%. Innlán jukust á öðrum ársfjórðungi hjá öllum viðskiptaeiningum og útlán til viðskiptavina hafa aukist um rúmlega 50 milljarða króna það sem af er ári. Við fögnum því að fá tækifæri til að styðja áfram við margbreytileg verkefni viðskiptavina okkar.

Framundan er Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka sem er einn af hápunktum ársins hjá okkur í bankanum og mikilvægur viðburður fyrir flest góðgerðarfélög í landinu. Við viljum hvetja alla til að taka þátt og styðja við góð málefni í leiðinni.

Helstu atriði úr rekstri á öðrum ársfjórðungi 2023 (2F23)

- 22. júní 2023 tilkynnti bankinn að hann hefði þegið boð fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um að ljúka máli vegna framkvæmdar bankans á sölu á 22.5% eignarhlut ríkisins í bankanum með samkomulagi um sátt. Samkvæmt samkomulaginu samþykkti bankinn að greiða 1.160 milljónir og gengst við að hafa brotið gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki í tengslum við sölufarlið. Bankinn hafði gjaldfært 300 milljónir króna vegna væntrar stjórnvaldssektar í ársuppgjöri fyrir árið 2022. Alls eru 860 milljónir króna gjaldfærðar vegna málsins á öðrum ársfjórðungi.
- Þann 28. júní var tilkynnt að Birna Einarsdóttir hefði óskað eftir því að láta af störfum sem bankastjóri og að fjármálastjóri bankans, Jón Guðni Ómarsson hefði verið ráðinn bankastjóri. Jón Guðni heldur áfram að sinna störfum fjármálastjóra þar til ráðið hefur verið í þá stöðu.
- Íslandsbanki uppfærði afkomuspá sína að því er varðar arðsemi eigin fjár fyrir árið 2023 og gerir nú ráð fyrir að arðsemi verði á bilinu 10,7-11,7%, þar sem enn er gert ráð fyrir virðisrýrnun sem nemur 0,25-0,30% á ársgrundvelli af lánasafni bankans á síðari hluta ársins, sem er í samræmi við vænta virðisrýrnun í gegnum hagsveifluna.
- Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti í maí um 1,25 prósentustig og hækkaði bankinn almennt vexti til samræmis, bæði að því er varðar útlán og innlán.
- Í lok júní tilkynnti bankinn um ákvörðun Kviku banka hf. um að slíta samrunaviðræðum sem staðið höfðu frá því í febrúar.
- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands tilkynnti um niðurstöðu mats í könnunar- og matsferli (SREP) vegna viðbótar eiginfjárröfu undir 2. stoð R (e. Pillar 2). Frá og með 30. júní 2023 skal bankinn viðhalda viðbótareiginfjárröfu sem nemur 2,4% af áhættugrunni, sem er lækkun um 0,2 prósentustig frá fyrra mati. Heildareiginfjárröfa bankans, að teknu tilliti til eiginfjárauka, lækkar við það úr 19,9% í 19,7%.
- Íslandsbanki gegndi bæði hlutverki umsjónaraðila og veðgæsluaðila í 220 milljón evra endur-fjármögnun Brim hf. Í skilmálum lánsins eru hvatar til sjálfbærni.
- Íslandsbanki birti þjóðhagsspá fyrir 2023-2025 í maí. Spáin er aðgengileg hér.
- Bankinn gaf út áhrifaskýrslu fyrir sjálfbæran fjármálaramma bankans fyrir árið 2022, aðgengileg hér. Fjármögnun var veitt til verkefna í 11 af 18 flokkum undir sjálfbæra fjármálarammanum.
- Tímaritið Euromoney valdi Íslandsbanka sem besta banka á Íslandi.

Atriði úr rekstri eftir að ársfjórðungi lauk

- Kristín Hrönn Guðmundsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Fyrirtækja og fjárfesta. Hún tekur við starfinu af Ásmundi Tryggvasyni sem hefur látið af störfum.
- Þann 2. júlí boðaði stjórn bankans til hluthafafundar sem haldinn verður 28. júlí þar sem stjórnarkjör verður á dagskrá. Þrír af núverandi stjórnarmönnum gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn bankans.



REKSTRARREIKNINGUR

Rekstrarreikningur, m.kr.	2F23	2F22	Δ%	1H23	1H22	Δ%	2022
Hreinar vaxtatekjur	12,612	10,254	23%	25,035	19,463	29%	43,126
Hreinar þóknatekjur	3,592	3,434	5%	7,061	6,498	9%	14,053
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(559)	208	-	(21)	113	-	(1,257)
Hreinn gengismunur	48	75	(36%)	292	241	21%	881
Aðrar rekstrartekjur	21	59	(64%)	64	324	-	433
Rekstrartekjur samtals	15,714	14,030	12%	32,431	26,639	22%	57,236
Laun og launatengd gjöld	(3,829)	(3,396)	13%	(7,789)	(6,818)	14%	(13,452)
Annar rekstrarkostnaður	(2,862)	(2,597)	10%	(5,944)	(5,009)	19%	(10,166)
Stjórnvaldssekt	(860)	-	-	(860)	-	-	(300)
Stjórnunarkostnaður	(7,551)	(5,993)	26%	(14,593)	(11,827)	23%	(23,918)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	-	-	-	-	(165)	-	(165)
Sérstakur skattur á fjármála fyrirtæki	(485)	(412)	18%	(947)	(842)	12%	(1,858)
Rekstrargjöld samtals	(8,036)	(6,405)	25%	(15,540)	(12,834)	21%	(25,941)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna	7,678	7,625	1%	16,891	13,805	22%	31,295
Hrein virðisbreyting fjáreigna	1,245	575	-	570	1,058	(46%)	1,576
Hagnaður fyrir skatta	8,923	8,200	9%	17,461	14,863	17%	32,871
Tekjuskattur	(2,792)	(2,331)	20%	(5,127)	(3,794)	35%	(8,485)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	6,131	5,869	4%	12,334	11,069	11%	24,386
Aflögð starfsemi til sölu, að frádregnum tekjuskatti	8	11	-	16	(2)	-	149
Hagnaður tímabilsins	6,139	5,880	4%	12,350	11,067	12%	24,535
Lykiltölur							
Vaxtamunur	3.2%	2.9%		3.2%	2.7%		2.9%
Kostnaðarhlutfall	42.6%	42.7%		42.3%	45.0%		41.6%
Arðsemi eigin fjár	11.5%	11.7%		11.4%	10.9%		11.8%
Áhættukostnaður útlána	(0.40%)	(0.20%)		(0.09%)	(0.19%)		(0.14%)

Vöxtur í grunntekjum er áfram mikilvægasti hluti tekna bankans

Aukning í hreinum vaxtatekjum nam 23% á öðrum ársfjórðungi samanborið við annan ársfjórðung árið áður og nam 12,6 milljörðum króna á fjórðungnum. Helstu ástæðurnar liggja í hærra vaxtaumhverfi og stærri efnahagsreikningi. Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru að meðaltali 8,0% á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 3,5% á sama ársfjórðungi í fyrra. Vaxtamunur á heildareignum var 3,2% á öðrum ársfjórðungi 2023, en var 2,9% á 2F22. Vaxtamunur útlána var 1,8% á fjórðungnum, samanborið við 1,9% á 2F22. Þá var vaxtamunur innlána 2,3% á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 1,8% á sama ársfjórðungi í fyrra.

Þóknatekjur jukust um 4,6% samanborið við annan ársfjórðung 2022, og voru 3,6 milljarðar króna. Tekjur af kortum og greiðslumiðlun eru áfram stærsti einstaki hluti þóknatekna. Aðrar þóknatekjur koma þar næst á eftir.

Tekjur af kjarnastarfsemi bankans eru áfram mikilvægasti tekjupátturinn í rekstri bankans, en vaxtatekjur og þóknatekjur námu samanlagt 103% af heildartekjum bankans á öðrum ársfjórðungi, en námu 98% á sama fjórðungi í fyrra. Áður nefndir tveir tekjuliður jukust samanlagt um 18,4% frá öðrum ársfjórðungi 2022.

Kostnaðarhlutfall innan uppfærðrar afkomuspár fyrir 2023 og lægra en fjárhagslegt markmið

Kostnaðarhlutfall á öðrum ársfjórðungi var 42,6%, samanborið við 42,7% á öðrum ársfjórðungi ársins 2022. Þetta er í samræmi við afkomuspá bankans um kostnaðarhlutfall á billinu 40–45% og lægra en fjárhagslegt markmið bankans um að hlutfallið sé lægra en 45%. Hlutfallið er reiknað án bankaskatts og einskiptisliða. Gjaldfærsla sem nemur 860 milljónum króna vegna stjórnvaldssektar fellur því utan útreiknings á hlutfallinu.



Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 12,8% frá öðrum ársfjórðungi árið 2022 til annars ársfjórðungs 2023 og voru 3,8 milljarðar króna á nýliðnum fjórðungi. Skýring hækkunarinnar er aðallega að finna í launahækkunum vegna kjarasamningsbundinna hækkana hér á landi.

Jákvæð virðisbreyting fjáreigna á öðrum ársfjórðungi 2023 vegna góðra horfa í ferðapjónustu

Jákvæð virðisbreyting fjáreigna sem nemur 1,2 milljörðum króna á ársfjórðungnum (samanborið við jákvæða virðisbreytingu sem nam 575 milljónum á öðrum fjórðungi ársins 2022) má að stærstum hluta rekja til endurmats á nokkrum lánum til ferðapjónustu, þar sem horfur eru góðar. Horfur með tilliti til virðisrýrnunar eru tiltölulega góðar vegna lítils atvinnuleysis og góðra hagvaxtarhorfa. Vaxtahækkanir hafa ekki leitt til neikvæðrar þróunar á vanskilavísunum. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk), reiknaður sem hrein virðisbreyting sem hlutfall af meðalstöðu útlána á ársgrundvelli, var -0,40 prósentustig á öðrum ársfjórðungi, samanborið við -0,20 prósentustig á öðrum ársfjórðungi 2022.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Aukning á útlánum innan allra viðskiptaeininga

Eignir, m.kr.	30.6.23	31.3.23	Δ	Δ%	31.12.22	Δ	Δ%
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	78.275	67.764	10.511	15,5%	94.424	(16.149)	-17%
Útlán til lánastofnana	97.749	81.331	16.418	20,2%	110.364	(12.615)	-11%
Skuldabréf og skuldagerningar	131.471	127.254	4.217	3,3%	130.804	667	1%
Afleiðusamningar	5.374	5.605	(231)	-4,1%	7.461	(2.087)	-28%
Útlán til viðskiptavina	1.237.758	1.218.999	18.759	1,5%	1.186.639	51.119	4%
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	12.120	13.839	(1.719)	-12,4%	15.868	(3.748)	-24%
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	3.828	3.853	(25)	-0,6%	3.844	(16)	0%
Rekstrarfjármunir	6.748	6.734	14	0,2%	6.752	(4)	0%
Óefnislegar eignir	3.241	3.252	(11)	-0,3%	3.279	(38)	-1%
Aðrar eignir	15.945	22.191	(6.246)	-28,1%	6.072	9.873	163%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	730	708	22	3,1%	728	2	0%
Eignir samtals	1.593.239	1.551.530	41.709	2,7%	1.566.235	27.004	2%

Lykiltölur

Áhættugrunnur	1.015.197	1.004.978	10.219	1,0%	999.491	15.706	1,6%
Hlutfall áhættuveginna eigna af heildareignum	63,7%	64,8%			63,8%		
Hlutfall lána með laskað lánshæfi ¹	1,7%	1,7%			1,8%		

1. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði

Lánasafn bankans er fjölbreytt og með góða tryggingastöðu

Aukning var á útlánum til viðskiptavina sem nam 1,5% á öðrum ársfjórðungi. Útlán til viðskiptavina námu 1.238 milljónum króna í lok annars ársfjórðungs. Húsnæðislán hækkuðu um 4,9 milljarða króna á fjórðungnum og voru 42% af heildarútlánum til viðskiptavina í lok fjórðungsins. Tryggingar að baki útlánum til viðskiptavina eru almennt traustar, þar sem íbúða- og atvinnuhúsnæði eru meirihluti undirliggjandi trygginga, en þar á eftir koma fiskiskip. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) lánasafns bankans var 58% í lok annars ársfjórðungs 2023, það sama og í lok árs 2022. Veðsetningarhlutfall húsnæðislánasafns bankans var einnig 58% í lok annars ársfjórðungs en var 60% í lok árs 2022.

Veðsetningarhlutfall bankans var 25,3% í lok annars ársfjórðungs 2023, samanborið við 26,5% í lok árs 2022.

Sterkt eignasafn

Í lok annars ársfjórðungs 2023 voru lán með umliðun (sem ekki er á stigi 3) án laskaðs lánshæfis 2,0%, sem er lækkun úr 3,3% í lok fyrsta ársfjórðungs ársins. Í lok annars ársfjórðungs var hlutfall lána með laskað lánshæfi á stigi 3, 1,7% og var óbreytt frá fyrri fjórðungi. Fyrir húsnæðislánasafn bankans var hlutfallið 0,8% í lok annars ársfjórðungs, það sama og það hafði verið í lok fyrsta ársfjórðungs.

Lán til viðskiptavina með verulega aukningu á útlánahættu (á stigi 2) voru 2,6% í lok annars ársfjórðungs, niður úr 3,0% í lok fyrsta ársfjórðungs ársins. Að því er varðar húsnæðislánasafn bankans var hlutfall lána á stigi 2, 1,0% í lok annars ársfjórðungs, samanborið við 0,8% í lok fyrsta ársfjórðungs.

Skuldir – sterk eiginfjár- og lausafjárhlutföll og lítil skuldsetning

Skuldir og eigið fé, m.kr.	30.6.23	31.3.23	Δ	Δ%	31.12.22	Δ	Δ%
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	14.306	13.694	612	4,5%	15.269	(963)	-6,3%
Innlán viðskiptavina	816.641	800.071	16.570	2,1%	789.897	26.744	3,4%
Afleiðusamningar og skortstöður	12.064	12.745	(681)	-5,3%	10.804	1.260	11,7%
Lántaka	460.913	438.605	22.308	5,1%	468.270	(7.357)	-1,6%
Víkjandi lán	33.104	33.839	(735)	-2,2%	34.392	(1.288)	-3,7%
Skattskuldir	14.832	13.206	1.626	12,3%	12.128	2.704	22,3%
Aðrar skuldir	25.855	28.985	(3.130)	-10,8%	16.601	9.254	55,7%
Skuldir samtals	1.377.715	1.341.145	36.570	2,7%	1.347.361	30.354	2,3%
Eigið fé	215.524	210.385	5.139	2,4%	218.874	(3.350)	-1,5%
Skuldir og eigið fé samtals	1.593.239	1.551.530	41.709	2,7%	1.566.235	27.004	1,7%

Lykiltölur

Hlutfall útlána af innlánunum	152%	152%	150%
Fjármögnunarhlutfall	119%	115%	118%
Lausafjárþekjuhlutfall	259%	171%	205%
Heildareiginfjárhlutfall	23,2%	23,2%	22,2%
Eiginfjárhlutfall þáttar 1	20,9%	20,8%	19,8%
Vogunarhlutfall	12,8%	12,9%	12,1%

Innlán eru áfram helsti fjármögnunarliður bankans

Fjármögnunar er að mestu aflagð til samræmis við útlánakerfi bankans með því að nota þrjár meginfjármögnunarleiðir: stöðug innlán, sértryggð skuldabréf og veðtryggð skuldabréf. Innlán viðskiptavina jukust um 2,1% á fjórðungnum. Fylgst er náið með samþjöppunaráhættu á innlánunum og var hún stöðug á öðrum ársfjórðungi ársins 2023. Hlutfall útlána viðskiptavina af innlánunum viðskiptavina var 152% í lok annars ársfjórðungs, það sama og í lok fyrri ársfjórðungs. Þegar húsnæðislán sem fjármögnuð eru með sértryggðum skuldabréfum eru tekin út fyrir, er hlutfallið 120% á öðrum ársfjórðungi, en var 121% í lok mars 2023.

Bankinn hélt áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa í krónum til að standa straum af aukningu húsnæðislána. Innanlands seldi bankinn 14,4 milljarða króna sértryggð skuldabréf í íslenskum krónum á fjórðungnum og keypti til baka 9,1 milljarða króna í flokknum IS CB 23. Í maímánuði gaf bankinn út 300 milljóna evra almennt skuldabréf undir Euro Medium Term Note útgáfuramma bankans. Viðskiptin eru til 3 ára og bera 7,375% fasta vexti, sem er 421punkta álag yfir millibankavöxtum í evrum. Í heild bærust tilboð frá 116 fjárfestum fyrir tæpar 800 milljónir króna, sem jafngildir rúmlega tvöfaldri umframeftirspurn.

Lausafjárþekjuhlutfall (LCR) bankans var 259% í lok annars ársfjórðungs, en var 171% í lok fyrsta ársfjórðungs ársins 2023. Lausafjárþekjuhlutfall í erlendum gjaldmiðlum var 260% í lok annars ársfjórðungs ársins. Hlutfallið lækkaði úr 289% á fyrsta fjórðungi. LCR í íslenskum krónum hækkaði úr 121% á fyrsta ársfjórðungi í 145% í lok annars ársfjórðungs. Þar sem lausafjárstaða bankans er áfram sterk milli gjaldmiðla og yfir kröfum, kann að vera að bankinn horfi til endurkaupa eða endurfjármögnunar útistandandi skuldbindinga á árinu 2023.

Sterk eiginfjárstaða og hlutföll vel yfir kröfum

Heildar eigið fé nam 216 milljörðum króna í lok annars ársfjórðungs, samanborið við 219 milljarða króna á lok árs 2022. Í lok annars ársfjórðungs 2023 var heildareiginfjárhlutfall bankans 23,2% samanborið við 22,2% í lok árs 2022. Samsvarandi Tier 1 hlutfall var 20,9% samanborið við 19,8% í lok árs 2022. CET1 hlutfallið var 20,0% (480 punktar yfir kröfu) og yfir fjárhagslegu markmiði bankans um að vera með 100–300 punkta eiginfjárauðka ofan á kröfur eftirlitsaðila.

Íslandsbanki notar staðalaðferð til að reikna út REA, sem nam 1,015 milljörðum króna í lok annars ársfjórðungs 2023, samanborið við 999 milljarða króna í árslok 2022. Hækkun REA stafar af aukningu lána til viðskiptavina. REA nemur 63,8% af heildareignum í lok annars ársfjórðungs 2023, sama og í lok árs 2022.

Skuldsetningarlutfall var 12,8% í lok annars ársfjórðungs ársins 2023 samanborið við 12,9% í lok marsmánaðar.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur kynnt niðurstöður SREP um viðbótareiginfjákröfur (Pillar 2-R). Frá og með 30. júní 2023 ber bankanum að viðhalda 2,4% viðbótareiginfjákröfu af REA sem er lækkun sem nemur 0,2 prósentustigum frá fyrra mati. Heildareiginfjákræfa bankans, að meðtöldum eiginfjárlánum, lækkaði því úr 19,9% í 19,7%.

Afkomuefni

Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, gildir enska útgáfan.

Fyrirvari

Framangreind fréttatilkynning gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissupáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

FJÁRFESTATENGL

Vefstreymi föstudaginn 28. júlí 2023

Íslandsbanki mun halda afkomufund/vefstreymi föstudaginn 28. júlí kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Jóhann Ottó Wathne, forstöðumaður fjárfestingar munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á ársfjórðungnum. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn fer fram [á þessari síðu](#). Upptaka af fundinum verður aðgengileg á heimasíðu fjárfestatengsla að honum loknum. Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig [á þessari síðu](#). Þar kemur upp listi yfir innhringingarnúmer og persónulegt PIN-númer. Ef það er ekki til staðarnúmer fyrir landið þitt, eða ef þú vilt fá samtál í stað þess að hringja inn, er hægt að nota „Hringja í mig“ valkostinn. Veldu þá landið þitt, sláðu inn símanúmerið þitt og smelltu á bláa „Call me“ hnappinn til að tengjast.

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Íslandsbanka í gegnum netfangið ir@islandsbanki.is

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birta árshluta fyrir 3. ársfjórðung þann 26. október 2023. Vinsamlegast athugið að dagsetningin er birt með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni mun verða birt á heimasíðu fjárfestatengsla þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögn tímabil eru einnig aðgengilegar.